



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

9. júlí 2024

Mál nr. E-6253/2023:
Stefnandi: Erlingur Hjálmarsson
(*Elfar Elí Schweitz Jakobsson lögmaður*)

Stefndu: Húsasmiðjan ehf. og
Hömlur fyrirtæki ehf.
(*Smári Hilmarsson lögmaður*)

Dómarar: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari
Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari
Auðunn Elíson byggingafræðingur

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 9. júlí 2024, í máli nr. E-6253/2023:

Erlingur Hjálmarsson

(Elfar Elí Schweitz Jakobsson lögmaður)

gegn

Húsasmiðjunni ehf. og

Hömlum fyrirtækjum ehf.

(Smári Hilmarsson lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 11. júní 2024, höfðaði Erlingur Hjálmarsson, [...] í Hvalfjarðarsveit, með stefnu birtri 13. október 2023 á hendur Húsasmiðjunni ehf., Kjalarvogi 12 í Reykjavík, og Hömlum fyrirtækjum ehf., Reykjastræti 6 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að greiða sér óskipt 14.870.595 kr., ásamt vöxtum skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 29. ágúst 2023 til 6. október 2023, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndi Hömlur fyrirtæki ehf. krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi, Húsasmiðjan ehf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik

Í júlí 2008 pantaði stefnandi í verslun Húsasmiðjunnar á Akranesi glugga og hurðir af gerðinni „Futura“, sem Idealcombi A/S í Danmörku framleiddi. Vörurnar voru pantaðar í stærðum sem hentuðu í hús sem stefnandi hafði í smíðum að [...] í Hvalfjarðarsveit. Ráðgert var að efnið bærist í 41. viku, 6.–12. október 2008. Sérverkefnadeild Húsasmiðjunnar í Reykjavík mun hafa séð um samskipti við danska framleiðandann vegna þessarar pöntunar. Verktakar á vegum stefnanda settu gluggana og hurðirnar í hús hans síðla árs 2008 og í upphafi árs 2009. Gluggarnir eru svokallaðir ál/trégluggar, þ.e. innri hluti þeirra er úr tré en ytra byrði og opnanleg fög úr áli. Að sögn stefnanda er gluggum þeirrar gerðar ætlaður lengri líftími en hefðbundnum trégluggum. Þeim fylgdi 10 ára ábyrgð frá Idealcombi A/S samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem giltu þegar viðskiptin fóru fram.

Þegar stefnandi keypti gluggana rak félagið Húsasmiðjan hf. (kt. 520171-0299) verslanir Húsasmiðjunnar, þar á meðal verslunina á Akranesi. Það félag fékk um

skamman tíma á árunum 2009–2011 heitið Húsasmiðjan ehf. og 1. janúar 2012 heitið Holtavegur 10 ehf. Tíu árum síðar, 17. ágúst 2022, sameinaðist það félaginu Hömlum fyrirtækjum ehf.

Annað félag, Húsasmiðjan ehf., (kt. 551211-0290) tók 1. janúar 2012 yfir rekstur verslana Húsasmiðjunnar þegar danska fyrirtækið Bygma A/S, keypti eignir og rekstur Holtavegar 10 ehf. (gömlu Húsasmiðjunnar ehf.) af Landsbankanum 31. desember 2011. Með þeim kaupum tók það einnig við viðskiptasambandi Holtavegar 10 ehf. við Idealcombi A/S og hélt áfram því verkefni sem Holtavegur 10 hafði hætt, að selja vörur frá Idealcombi A/S hér á landi og þjónusta kaupendur þeirrar vöru. Haustið 2018 slitnaði upp úr viðskiptasambandinu, að sögn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. vegna samskiptaerfiðleika og fjölmargra gallamála sem illa gekk að fá Idealcombi A/S til að leysa.

Í þeim texta sem á eftir fer verður eldra félagið (kt. 5220171-0299) kallað Holtavegur 10 ehf. en yngra félagið (kt. 551211-0290) nefnt sínu rétta nafni, Húsasmiðjan ehf.

Að sögn stefnanda fór, fljótlega eftir gluggarnir höfðu verið settir í húsið, að bera á ýmiss konar vandamálum í tengslum við þá og komu fram vísbendingar um að ending þeirra væri skemmri en stefnandi vænti. Til dæmis ryðgaði fljótlega járn í gluggunum, þar á meðal lamir, skrúfur, festingar, sliskjur, brautir fyrir rennihurðir, o.fl., eins og framlagðar myndir sýni. Þá undu sumir glugganna upp á sig, sem m.a. olli því að þeir láku og ómögulegt reyndist að opna opnanleg fög.

Stefnandi sagði svo frá að ári eftir að gluggarnir voru settir í húsið hefði A, þáverandi verslunarstjóri Húsasmiðjunnar á Akranesi, skoðað gluggana og hurðirnar ásamt B, byggingarstjóra hússins, og hafi þeir verið sammála um að yfirfara þyrfti þá alla. Í kjölfarið hafi stefnandi átt nokkur samskipti við starfsmenn Húsasmiðjunnar (í tíð beggja rekstrarfélaga) vegna glugganna, bæði símleiðis og á starfsstöð félagsins á Akranesi.

Vitnið A stýrði verslun Húsasmiðjunnar á Akranesi fram í apríl 2015. Hann bar fyrir dómi að hann hefði farið í nokkur skipti með starfsmönnum sérverkefnadeildarinnar að líta á glugga og hurðir í húsi stefnanda. Hann útilokaði ekki að áframmanir hefðu verið farnir að verpast áður en hann hætti störfum fyrir Húsasmiðjuna ehf. Í það minnsta hefði þurft að leita lausna á því að gluggarnir lækju. Í upphafi hefði verið reynt að þétta gluggana með nýjum plastkubbum í stað nokkurra sem höfðu brotnað.

Í framburði A kom fram að hann hefði, til þess að flýta fyrir, hringt í sérverkefnadeildina til þess að koma á framfæri kvörtunum stefnanda. Hann taldi þó að í nokkur skipti hefði hann komið kvörtunum á framfæri við sérverkefnadeildina með tölvupósti. Vitnið bar að þegar hann hætti störfum hefði ekki enn verið ráðin bót á þeim göllum sem stefnandi hefði kvartað yfir og reynt hefði verið að laga. Málið hefði í apríl 2015 enn verið til úrlausnar hjá sérverkefnadeildinni.

Vitnið C starfaði hjá Húsasmiðjunni í tíð beggja rekstrarfélaganna í sérverkefnadeild sem sölumaður og ráðgjafi við sölu á gluggum og hurðum. Hann starfaði hjá Holtavegi 10 frá því í september 2000 til loka árs 2011 en þaðan í frá og fram í apríl 2018 starfaði hann hjá Húsasmiðjunni ehf. Á þeim tíma sem hér skiptir máli var það hlutverk hans að taka við öllum kvörtunum um galla og koma þeim á framfæri við framleiðanda.

Samkvæmt framlögðum gögnum hringdi stefnandi í C í lok apríl 2015 og kvartaði yfir ástandi glugganna. Með tölvuskeyti til C 4. maí 2015 sendi stefnandi myndir af ryðguðum læsingajárnum á gluggum. Um haustið 2015 skoðuðu starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. gluggana. Í tölvupósti sem rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akranesi sendi starfsmönnum í Reykjavík 20. nóvember 2015 kom fram að bæði gluggar og föls verptust og auk þess væru listar undir opnanlegum fögum allir ryðgaðir. Þrátt fyrir þessa skriflegu kvörtun til sérverkefnadeildar gerðist ekkert lengi vel. Í janúar 2016 framsendi rekstrarstjórinn stefnanda til upplýsingar póstinn sem hann hafði sent sérverkefnadeild 20. nóvember 2015.

Sérverkefnadeild sendi Idealcombi A/S tíu mánuðum síðar, 22. september 2016, útfyllt kvörtunareyðublað (d. reklamationsskema) sem viðhengi við tölvuskeyti. Í eyðublaðinu er Húsasmiðjan tilgreind sem viðskiptavinur framleiðandans. Í tölvuskeytinu ritaði vitnið C dönskum starfsmanni framleiðandans að hann skildi ekki hvað væri að Futura-gluggunum. Hann væri í þetta sinn að senda framleiðandanum fjórðu eða fimmtu kvörtun vegna þeirra.

Vitnið C tilkynnti stefnanda sama dag, 22. september, að gleymst hefði að fylgja eftir kvörtunum hans við Idealcombi A/S, en það hefði nú verið gert. Hann lét stefnanda einnig vita að Idealcombi A/S hefði fallist á að framleiða nýja glugga og að aðili á vegum stefnda Húsasmiðjunnar ehf. myndi sjá um að setja þá í hús stefnanda.

Stefnandi hafði á ný samband við vitnið C 20. desember 2016 og ýtti á eftir afgreiðslu á gluggunum og minnti á ryðguð læsingajárn. Sama dag tilkynnti vitnið C honum að rammarnir væru nýkomnir til landsins, og að „smiðurinn okkar“ gæti sett þá í allra næstu daga.

Um miðjan janúar 2017 kvartaði stefnandi yfir því að ryðguð læsingajárn hefðu ekki enn verið löguð og fékk þau svör næsta dag að kvörtun hans hefði verið komið á framfæri við framleiðandann svo og yfirmann sérverkefnadeildar. Um viku síðar, 24. janúar 2017, bað vitnið C um myndir af ryðguðum læsingajárnum til þess að senda framleiðandanum.

Sex mánuðum síðar, 26. júlí 2017, óskaði stefnandi eftir upplýsingum um stöðuna. Engin skrifleg gögn hafa verið lögð fram um samskipti við hann þar til stefnandi skrifaði rekstrarstjóra Húsasmiðjunnar á Akranesi 26. desember 2017 og minnti á að tíminn liði. Sá kvaðst ætla að líta á gluggana í vikunni þar á eftir.

Í byrjun árs 2018, 2. janúar, sendi vitnið C Idealcombi A/S þær ljósmyndir sem

óskað hafði verið eftir 24. janúar 2017. Í mars 2018 skipti verktaki, sem Húsasmiðjan ehf. sendi, út einum glugga og ryðguðum læsingajárnum. Annar gluggi sem kom var ekki af réttri stærð og var því ekki skipt út. Ekki var heldur hægt að skipta út öllum læsingajárnum. Á einum glugga voru járnin svo ryðguð að ekki var hægt að opna gluggann.

Viðgerðarmaður á vegum Húsasmiðjunnar ehf. kom aftur til stefnanda 21. febrúar 2019 til þess að skipta um þann glugga sem ekki var hægt að skipta um í mars 2018 og hafði tvo glugga meðferðis en hvorugur passaði. Í bréfi til starfsmanns Húsasmiðjunnar ehf. 26. febrúar 2019 ítrekaði stefnandi að enn ætti eftir að skipta út ryðguðum skrúfum, festingum, sliskjum og brautum og lömum á útihurðum.

Seint í júlí 2019 tilkynnti stefnandi rekstrarstjóra Húsasmiðjunnar á Akranesi að sér hefði borist pakkning með glugga í. Hins vegar fylgdu ekki neinir íhlutir sem stefnandi hefði lengi beðið eftir. Viðgerðarmenn á vegum Húsasmiðjunnar yrðu í frí fram yfir miðjan ágúst og spurði hann hvort einhver annar mætti setja gluggann í. Stefnandi kallaði áfram eftir aðgerðum frá Húsasmiðjunni með tölvupósti til starfsmanns á Akranesi 13. september 2019. Hann fékk það svar að iðnaðarmenn kæmu viku síðar.

Starfsmaður Húsasmiðjunnar á Akranesi lét rekstrar- og gæðastjóra Húsasmiðjunnar í Reykjavík vita samdægurs að gluggamál stefnanda væru enn óleyst. Sá skrifaði undirmanni sínum og bað hann að ganga í að málinu yrði lokið eins og rætt hefði verið um fyrir verulega löngu. Skipt var um einn glugga hjá stefnanda 19. september 2019, annan þeirra sem staðfest hafði verið 20. nóvember 2015 að væri gallaður. Sama dag lét stefnandi starfsmann Húsasmiðjunnar á Akranesi vita að með þessu væri málið ekki leyst því gallar héldu áfram að birtast.

Viku síðar, 27. september, benti stefnandi starfsmanni Húsasmiðjunnar í Reykjavík á að enn væri eftir að gera við þriðja gluggann sem væri undinn og spurði hvort ekki væri hreinlegast að skipt yrði um alla glugga í húsi hans. Á þessum tíma var einnig ljóst að varahlutapakki sem Húsasmiðjan ehf. ætlaði að senda stefnanda hafði týnst. Með tölvupósti sama dag, 27. september, neitaði stefndi Húsasmiðjan ehf. frekari úrbótum með vísan til þess að gluggarnir væru ekki lengur í ábyrgð. Í kjölfarið hafa stefndu hafnað áskorunum stefnanda um úrbætur glugganna.

Með stefnu birtri 3. maí 2022 fyrir Idealcombi A/S og 6. maí 2022 fyrir stefnda Hömlum fyrirtækjum ehf. (Holtavegi 10 ehf.) og stefndu Húsasmiðjunni ehf., höfðaði stefnandi mál á hendur þeim vegna kröfu sinnar. Til stóð að þingfesta hana 12. maí 2022 en ekki varð af þingfestingu. Hins vegar sendi stefnandi Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni um dómkvaðningu matsmanns 25. maí 2022.

Hinn 6. júlí 2022 var Elvar Magnússon, byggingarverkfræðingur og húsasmíðameistari, dómkvaddur til að meta orsök og umfang galla í gluggunum. Hann taldi, í matsgerð, dags. 29. ágúst 2023, að hönnun glugganna væri ófullnægjandi m.t.t. íslenskra aðstæðna, og væri það ástæða lélegrar endingar þeirra. Í matsgerðinni segir meðal annars:

„Það er ljóst að hönnun og efnisval íhluta glugga og hurða matsandlags er óheppilegt og í raun ófullnægjandi m.v. góðar venjur og þær kröfur sem gera má til slíks búnaðar þegar hann er ætlaður til notkunar við íslenskar aðstæður. Ástand glugga- og hurðabúnaðar að [...] ber þess merki, sem ekki getur talist til ásættanlegrar endingar.“ Matsmaður taldi nauðsynlegt að skipta gluggunum út fyrir glugga af fullnægjandi gerð og áætlaði kostnað við það 15.217.913 kr. með virðisaukaskatti.

Með erindi, dags. 6. september 2023, kynnti stefnandi stefndu Húsasmiðjunni ehf., Hömlum fyrirtækjum ehf. og Idealcombi A/S matsgerðina og krafðist skaðabóta á grundvelli hennar. Stefndu höfnuðu kröfum stefnanda. Eins og áður segir höfðaði stefnandi því þetta mál með stefnu birtri 13. október 2023 á hendur stefndu og einnig Idealcombi A/S, en á síðari stigum féll stefnandi frá kröfum á hendur því félagi.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir aðallega á því að umræddir gluggar séu gallaðir samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. einkum a-lið 1. mgr. 16. gr. þeirra, enda henti þeir ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir gluggar séu venjulega notaðir og ending þeirra sé mun verri en stefnandi mátti vænta við kaupin, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 15. gr. laganna. Til vara byggir stefnandi á því að gluggarnir séu gallaðir samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. einkum 4. mgr. 17. gr. laganna, enda henti þeir hvorki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulegar notaðir né í þeim tilgangi sem stefndu vissu að stefnandi myndi nota þá, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 17. gr. laganna.

Stefnandi byggir á því að gallarnir hafi verið staðreyndir með matsgerð Elvars Magnússonar. Það sé skýr niðurstaða matsgerðarinnar að gallana megi rekja til ófullnægjandi hönnunar á gluggunum og efnisvali. Gallarnir hafi því verið til staðar við áhættuskipti, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003, og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2000.

Stefnandi byggir á því að stefndu beri skaðabótaábyrgð á göllunum og svari fjárfrafan til niðurstöðu dómkvadds matsmanns um kostnað við nauðsynlegar úrbætur, að teknu tilliti til réttar stefnanda til að fá endurgreiddan 35% virðisaukaskatt, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Kröfunni sé réttilega beint að stefndu, sbr. 35. gr. laga nr. 48/2003 og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 50/2000 og ábyrgð þeirra á göllunum sé hlutlæg, sbr. 33. gr. laga nr. 48/2003 og 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000.

Stefnandi byggir á því að stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi viðurkennt gallana með ítrekuðum tilraunum til úrbóta, þótt þær hafi að endingu reynst árangurslausar. Meðal annars hafi verið skipt um tvo undna glugga, með vísan til þess að þeir væru gallaðir, en aðra ekki. Auk þess hafi verið skipt um íhluti, svo sem lamir, læsingarjárn og fleira, án fullnægjandi árangurs.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi borið því við að skamma endingu glugganna mætti rekja til þess að hús stefnanda standi nálægt sjó. Stefndandi telji slíkt engu skipta við mat á því hvort gluggarnir teljist gallaðir, enda sé algengt að hús séu byggð nálægt sjó á Íslandi og hafi stefndu vitað að gluggarnir væru ætlaðir í hús nálægt sjó, sbr. c-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003. Þá bendi stefndandi á að við sömu götu og hús hans standi hús byggt tveimur árum fyrr, eftir sömu teikningum og hús stefnanda, en með gluggum af annarri gerð, sem séu enn í fullkomnu lagi þótt bæði húsin standi jafn nálægt sjó.

Stefndandi telji stefndu hafa vitað eða mátt vita að gluggarnir hentuðu ekki íslenskum aðstæðum, svo sem ráða megi m.a. af tölvupósti C, sem hafi verið starfsmaður sérverkefnadeildar Húsasmiðjunnar í tíð beggja rekstrarfélaganna, til Idealcombi A/S, 22. september 2016. Í póstinum hafi C sagt að hann gæti ekki útskýrt hvað ylli vandamálum þessarar gluggagerðar hér á landi og að kvörtun stefnanda væri fjórða eða fimmta kvörtunin vegna sambærilegra galla í gluggum af þessari gerð. Þá hafi Eiríkur Jónsson byggingarverkfræðingur verið dómkvaddur í öðru máli til þess að vinna mat á sambærilegum gluggum. Á matsfundi við vinnslu þess mats hafi starfsmaður stefnda Húsasmiðjunnar ehf. greint frá því að umrædd gerð glugga hefði aðeins verið framleidd í skamman tíma áður en hún hefði horfið af markaði, og að Idealcombi A/S hefði í stað þessarar gerðar boðið álklædda timburglugga sem væru talsvert frábrugðnir gölluðu gluggunum.

Stefndandi vísar til þess að stefndu hafi viðurkennt ábyrgð á göllum glugganna og gert úrbætur á þeim að hluta til. Af ástæðum sem stefnanda verði ekki kennt um hafi framkvæmdir við úrbæturnar dregist allt fram í september 2019. Fram að því hafi stefndandi verið í góðri trú um að fullnægjandi úrbætur yrðu gerðar. Með tölvupósti starfsmanns stefnda Húsasmiðjunnar ehf. 27. september 2019 hafi honum verið tilkynnt að ábyrgðin væri útrunnin. Þá fyrst hafi stefnanda orðið ljóst að stefndi hygðist ekki bæta frekar það sem enn var gallað. Upphaf fyrningarfrests miðist við þennan dag. Fyrning hafi verið rofin með birtingu stefnu 3. og 6. maí 2022 og því sé krafan ófyrnd.

Af fyrirliggjandi óslitnum samskiptum stefnanda við stefnda Húsasmiðjuna ehf., eftir að gallarnir fóru að birtast og til dagsins í dag, sé ljóst að stefndandi hafi ekki sýnt tómlæti við að halda kröfu sinni til haga.

Gluggunum hafi fylgt 10 ára ábyrgð Idealcombi A/S. Kvörtun stefnanda hafi sannanlega borist innan ábyrgðartímans, upphaflega munnlega um ári eftir að gluggarnir voru settir í en síðar einnig í tölvupóstum, sbr. fyrsta tölvupóstinn 4. maí 2015 og nær óslitin tölvupóstsamskipti síðan. Stefndandi hafi því tilkynnt stefndu um gallann án ástæðulauss dráttar í skilningi 27. gr. laga nr. 48/2003 og 32. gr. laga nr. 50/2000.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi tilkynnt Idealcombi A/S um kvörtun stefnanda 22. september 2016. Lögmaður Idealcombi A/S hafi borið því við að félaginu hefðu ekki

borist aðrar tilkynningar um kvartanir stefnanda. Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi ekki upplýst um samskipti sín við Idealcombi A/S vegna málsins, þ.e. fyrir utan tilkynninguna 22. september 2016, en í tölvupósti 27. janúar 2022 hafi lögmaður stefnda Húsasmiðjunnar ehf. fullyrt að starfsmaður félagsins hefði verið í „töluverðum samskiptum við [Idealcombi A/S] vegna málsins“.

Stefnandi hafi ekki aðrar upplýsingar um samskipti Húsasmiðjunnar ehf. og Idealcombi vegna málsins en telji að tilkynningum um galla hafi réttilega verið beint að stefnda Húsasmiðjunni ehf., enda sé hann lokaseljandi og beri því ábyrgð gagnvart neytanda reynist hinn seldi hlutur gallaður, sbr. 3. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003.

Stefnandi vísar til þess að lögmaður stefnda Húsasmiðjunnar ehf. hafi borið því við að kröfum stefnanda væri ranglega beint að því félagi, þar eð gluggarnir hefðu verið keyptir af fyrirrennara félagsins, þ.e. Holtavegi 10 ehf., nú stefnda Hömlum fyrirtækjum ehf. Stefnandi telur stefnda Húsasmiðjuna ehf. eftir sem áður bera ábyrgð gagnvart sér. Það félag hafi tekið yfir viðskiptasamband fyrirrennara síns við Idealcombi A/S og hafi með háttsemi sinni, þ.e. athugasemdalausri móttöku kvartana stefnanda og eftirfylgni þeirra, tekist á hendur ábyrgð gagnvart stefnanda. Hefði kvörtunum stefnanda verið ranglega beint að stefnda Húsasmiðjunni ehf. hefði starfsmönnum hans borið að upplýsa stefnanda um það.

Stefnandi krefst skaðabótavaxta frá dagsetningu matsgerðar, sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og dráttarvaxta frá því mánuður var liðinn frá að matsgerðin var kynnt stefndu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna.

Málsástæður stefndu Húsasmiðjunnar ehf. og Hamla fyrirtækja ehf.

Aðalkrafa stefndu um sýknu

Málsástæður beggja stefndu haldast í hendur að mestu leyti að því frátöldu að stefndi Húsasmiðjan ehf. byggir sýknukröfu sína einnig á aðildarskortu. Vegna skyldleika málsástæðnanna þykir mega greina frá þeim í sama kafla dómsins, en greinarmunur er gerður á þegar þörf krefur.

Aðildarskortur

Stefndi Húsasmiðjan ehf. byggir sýknukröfu sína á því að félagið sé ekki réttur aðili til varnar í málinu. Þær vörur sem stefnandi keypti árið 2008 hafi verið keyptar af öðrum lögaðila. Það félag hafi haft kt. 520171-0299 og í upphafi borið nafnið Húsasmiðjan hf. Það hafi síðar heitið Húsasmiðjan ehf. um skeið en nafni þess hafi, í lok árs

2011, verið breytt í Holtavegur 10 ehf. Það félag hafi verið lagt niður í ágúst 2022 þegar það var sameinað félaginu Hömlum fyrirtækjum ehf. sem sé stefnt í málinu. Þetta sé óumdeilt. Starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. (kt. 551211-0290) hafi einungis aðstoðað kaupendur vöru sem Holtavegur 10 (kt. 520171-0299) hafði selt þegar það fyrirtæki hafði með höndum rekstur. Þannig hafi starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. aðstoðað stefnanda og framsent framleiðandanum Idealcombi A/S kvartanir hans eins og fram komi í þeim samskiptum sem lögð hafa verið fram í málinu. Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi ekki tekið á sig neinar skyldur við stefnanda vegna viðskipta hans árið 2008 sem hafi farið fram fyrir milligöngu annars lögaðila, Holtavegar 10, nú Hamla fyrirtækja ehf.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. mótmælir því að sérstakt réttarsamband hafi stofnast milli stefnanda og umrædds stefnda þótt starfsmenn hans hafi aðstoðað stefnanda við að koma kvörtunum sínum á framfæri, sem fyrr greinir. Ekki hafi heldur stofnast nýtt réttarsamband við það að stefndi, Húsasmiðjan ehf., hafi haldið áfram viðskiptum við Idealcombi A/S eftir að félagið var stofnað í lok árs 2011. Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi því hvorki verið aðili að því réttarsambandi sem stofnaðist árið 2008 við sölu vörunnar til stefnanda né beri hann ábyrgð á þeim meintu göllum sem upp hafi komið þar eð annar lögaðili seldi stefnanda vöruna á sínum tíma. Af þessum sökum sé stefndi ekki réttur aðili að málinu til varnar og krefjist því sýknu með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hafi krafa stefnanda stofnast sé hún fyrnd á hendur báðum stefndu

Stefndu áréttá báðir að stefnandi byggji kröfur sínar og málsástæður á því að hann eigi skaðabótakröfu á hendur þeim sem grundvallist á matsgerð. Stefndu byggji á því að verði yfirhöfuð talið að krafa stefnanda á hendur stefndu hafi stofnast sé hún fyrnd.

Stefndu vísa fyrst til þess að lög nr. 150/2017 um fyrningu kröfuréttinda hafi tekið gildi 1. janúar 2008 og eigi því við um það réttarsamband og lögskipti sem stefnandi byggji kröfur sínar á. Almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé, skv. 3. gr. laganna, fjögur ár. Í III. kafla laganna sé kveðið á um viðbótarfresti sem ekki geti átt við í þessu máli svo séð verði. Í IV. kafla laganna sé fjallað um slit fyrningar. Stefndi hafi ekki rofið fyrningu á hendur stefndu fyrr en með birtingu stefnu 6. maí 2022.

Stefndi Hömlur fyrirtæki áréttar að hlutverk Holtavegar 10, seljanda vörunnar hér á landi, hafi einungis verið að panta vöruna hjá framleiðandanum í Danmörku, Idealcombi A/S, flytja hana til landsins eftir að framleiðslu lauk og afhenda kaupendum. Hlutverk Holtavegar 10 sem seljanda vörunnar hér á landi hafi því í raun verið eins konar milliganga á milli kaupanda vörunnar og framleiðandans í Danmörku.

Allar skyldur Holtavegar 10 hafi orðið eftir í félaginu sem Landsbankinn hf. eignaðist. Skuldir og skuldbindingar hafi því fylgt gamla félaginu þar eð fyrirtækið sjálft hafi

ekki verið selt, heldur aðeins reksturinn sem slíkur og ákveðnar eignir.

Stefndi Hömlur fyrirtæki ehf. ítreka að það félag hafi ekki haft með höndum neina sölu á eða þjónustu tengda vörum frá Idealcombi A/S frá 31. desember 2011 enda hafi ekki verið neindir starfsmenn á launaskrá hjá Holtavegi 10 eftir þann dag. Félagið hafi ekki heldur verið í samskiptum við neinn um þetta tiltekna mál frá þeim tíma.

Starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. hafi annast samskipti vegna kvartana stefnanda. Þeir starfsmenn hafi ekki haft umboð Holtavegar 10, fyrirrennara Hamla fyrirtækja, til þess að binda það félag á einn eða neinn hátt enda ekki starfsmenn þess. Þeir hafi því ekki haft stöðuumboð til þess að taka ákvarðanir sem legðu skyldur á Holtaveg 10 eftir að Landsbankinn eignaðist félagið.

Stefndi Hömlur fyrirtæki ehf. áréttar einnig að Holtavegur 10 hafi ekki komið að neinum úrbótum eða viðgerðum á þeim gluggum og hurðum sem koma við sögu í málinu. Öllum fullyrðingum stefnanda um það sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. áréttar að stefnandi byggi á því að stefndi hafi tekist á hendur ábyrgð gagnvart honum þar sem stefndi hafi yfirtekið viðskiptasamband Holtavegar 10 við Idealcombi AS og hafi með háttsemi sinni, þ.e. athugasemdalausri móttöku kvartana stefnanda og eftirfylgni þeirra, tekist á hendur ábyrgð gagnvart honum.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. mótmæli þessum sjónarmiðum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Viðskiptasamband stefnda og Idealcombi A/S hafi ekki stofnað stefnanda neinn rétt sem hann geti byggt á. Stefnanda hafi frá upphafi verið ljóst að starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. væru milliliðir við að koma kvörtunum stefnanda vegna glugga og hurða á framfæri við Idealcombi A/S. Þetta sýni framlögð tölvupóstsamskipti. Starfsmenn stefnda hafi jafnframt greint stefnanda frá því að kvörtunum hans hefði verið komið á framfæri við framleiðandann Idealcombi A/S.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. ítrekar að hann hafi ekki komið að neinum úrbótum eða viðgerðum á þeim gluggum og hurðum sem komi við sögu í málinu. Öllum fullyrðingum stefnanda um það sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum

Starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. hafi leitast við að aðstoða stefnanda og hafi af því tilefni verið í samskiptum við Idealcombi A/S fyrir hans hönd. Þau samskipti hafi falist í því að panta varahluti og íhluti fyrir stefnanda að hans beiðni og koma á framfæri formlegri kvörtun við Idealcombi A/S sem var send 22. september 2016.

Það hafi verið gert þar eð framleiðandinn, Idealcombi A/S, krefjist þess að sá aðili sem upphaflega panti vörur frá Idealcombi A/S sendi inn tiltekið kvörtunareyðublað. Á því komi fram að vörurnar hafi verið afhentar árið 2008. Það hafi í raun verið formsatriði að senda það kvörtunareyðublað þar eð Idealcombi A/S hafi krafist þess að upphaflegur seljandi sendi framleiðandanum kvörtun. Stefndi Hömlur fyrirtæki áréttar að starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. hafi ekki haft umboð Hamla til þess að senda Idealcombi þessa

kvörtun.

Stefndu ítreka báðir að allir varahlutir sem voru sendir stefnanda hafi komið beint frá Idealcombi A/S sem hafi einnig séð um að greiða verktökum fyrir þá vinnu sem virðist hafa verið innt af hendi vegna kvartana stefnanda og Idealcombi A/S hafi samþykkt. Idealcombi A/S hafi einnig sent til landsins þá varahluti og þau efni sem notuð voru við lagfæringar. Starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. hafi einungis haft milligöngu um að upplýsa stefnanda um það sem stefndi Idealcombi A/S samþykkti að gera og hafi í sumum tilvikum haft milligöngu um að útvega iðnaðarmenn og verktaka vegna viðgerða sem Idealcombi A/S hafi samþykkt.

Starfsmenn stefnda Húsasmiðjunnar ehf. hafi ekki komið að málum á annan hátt en sem milliliðir í þeim samskiptum sem kaupendur vöru frá Idealcombi A/S gerðu kröfu um úrbætur á en í þeim réttarsamböndum hafi reynt á sérstaka 10 ára ábyrgð sem Idealcombi A/S gefi út vegna vara sem félagið framleiði.

Stefndi Húsasmiðjan ehf. hafni því alfarið að háttsemi starfsmanna félagsins, með milligöngu sinni milli stefnanda og Idealcombi A/S, hafi valdið því að sérstakt réttarsamband hafi stofnast eða að fyrningu yrði slitið með þeim hætti og að þessi samskipti hafi verið þess eðlis að fyrningarfrestir hafi verið rofnir.

Fyrningu teljist ekki slitið nema með málsókn eða viðurkenningu kröfu. Skilyrði þess að viðurkenning hafi réttaráhrif sé að hún komi fram fyrir lok fyrningarfrests. Í málinu liggi ekki fyrir nein viðurkenning stefndu þessa efnis.

Fyrningarfrestir hafi því verið liðnir þegar stefndi Húsasmiðjan ehf. hóf rekstur sinn 1. janúar 2012. Kröfur stefnanda séu því fyrndar hafi þær stofnast á hendur stefndu. Kaupin hafi farið fram á árinu 2008 og því verði að miða upphaf fyrningarfrests við það ár.

Kvörtunarfrestur liðnir

Til viðbótar framangreindum málsástæðum vísa stefndu einnig til ákvæða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 48/2003 um neytendakaup varðandi kvörtunarfresti. Í 32. gr. laga nr. 50/2000 sé vísað til þess að kaupandi geti ekki borið fyrir sig galla hafi hann ekki lagt fram kvörtun innan tveggja ára eftir að hann veitti söluhlut viðtöku. Í 3. mgr. 32. gr. sé sérstakt ákvæði um vörur sem tengjast byggingarefni og sé kvörtunarfrestur þá fimm ár. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 sé kvörtunarfrestur tvö ár með vísan til 2. mgr. 27. gr. en allt að fimm árum sé seldri vöru ætlaður lengri líftími. Allir kvörtunarfrestir séu því löngu liðnir.

Fyrstu samskipti sem stefnandi byggja á um kvartanir vegna galla á hinu selda séu frá árinu 2016, eða rúmum átta árum eftir að varan var afhent. Stefndi Hömlur fyrirtæki áréttar að þau samskipti hafi hvorki verið við hann né starfsmenn á hans vegum.

Ábyrgð framleiðanda með vísan til sérstakrar ábyrgðar á framleiðslunni sé utan þessa lagaramma en sú ábyrgð sé ekki á vegum stefndu og þeim óviðkomandi.

Stefnandi geti ekki byggt rétt gagnvart stefndu á ábyrgðaryfirlýsingu sem framleiðandinn Idealcombi A/S hafi gefið út.

Tómlæti

Stefndu vísa enn fremur til þess að stefnandi hafi sýnt tómlæti við að halda kröfu sinni til haga gagnvart stefndu allt frá því að hinn meinti galli kom upp.

Framlögð matsgerð

Stefndu mótmæli gildi þeirrar matsgerðar sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á. Þeir benda á að í dómkröfum stefnanda sé ekki tekið tillit til þeirrar meginreglu að notað verði ekki bætt með nýju.

Meint tjón stefnanda sem sé metið í matsgerð byggist á því að ný vara komi í stað vöru sem hafi verið notuð í 15 ár. Almennur líftími glugga og hurða í ytra byrði fasteigna hafi yfirleitt verið talinn vera 35–50 ár eftir staðsetningu fasteignar og álagsforsendum. Því sé verulega liðið á líftíma vörunnar og viðurkennt sé að halda þurfi við öllum þáttum ytra byrðis fasteigna hér á landi, sérstaklega séu hús reist þar sem veður sé krefjandi, svo sem við sjó og á vindasömum stöðum.

Fjárhæð bóta stefnanda verði því ekki byggð á niðurstöðu matsgerðarinnar. Stefnandi hafi ekki óskað mats á því hver verðmætisýrnun glugga og hurða væri með tilliti til notkunar í 15 ár. Sé tjón talið sannað eigi stefnandi einungis rétt á að fá rauntjón bætt. Meint tjón stefnanda geti ekki falist í að fá nýja vöru í stað 15 ára gamallar vöru nema að fjárfrafan sé færð niður miðað við notkun og notkunartíma.

Þá vísa stefndu til þess að stefnandi verði eðli máls samkvæmt að leggja fram fullnægjandi sönnunargögn til stuðnings bótakröfu sinni. Af e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 leiði jafnframt að tjónþoli, stefnandi, þurfi að lýsa því í stefnu sem að hans mati valdi því að fullnægt sé því skilyrði skaðabótaábyrgðar að tjón hafi hlotist af háttsemi stefnda og hvert rauntjón hans sannarlega sé. Ekki nægi að mati stefnda að leggja fram matsgerð þar sem metinn sé kostnaður við að skipta út öllum gluggum og hurðum án þess að rauntjón sé metið með tilliti til þeirrar notkunar á vörunni sem þegar hafi átt sér stað þau 15 ár sem varan hafi nýst stefnanda.

Dómkröfur stefnanda um óskipta ábyrgð

Stefndu mótmæla því að þeir geti borið óskipta ábyrgð á kröfum stefnanda. Stefnu séu sjálfstæðir lögaðilar og samningssamband þeirra við stefnanda mismunandi. Meint ábyrgð stefndu sé ekki af sömu rót þar sem ábyrgðarþættir séu mismundi. Kröfur á hendur stefndu byggist á sölu á lausafé, söluábyrgð. Ábyrgð að baki þeim viðskiptum

sé allt önnur en sú ábyrgð sem Idealcombi A/S hafi veitt. Sú ábyrgð sé mun ríkari enda framleiðsluábyrgð, sem sé skjalfest og bindi eingöngu framleiðandann. Þar sem ábyrgðir stefndu séu ólíkar standist ekki að gera óskipta kröfu á hendur þeim.

Auk þessa sé fyrning ábyrgða mismunandi samkvæmt lögum nr. 150/2007. Í 4. mgr. 2. gr. þeirra segi að hafi seljandi eða fyrri söluaðili ábyrgst seldan hlut með því að taka að sér úrbætur eða aðra ábyrgð reiknist fyrningarfrestur kröfu, sem byggist á slíkri ábyrgð, frá þeim degi er kaupandi sendi tilkynningu um það atvik sem krafan byggist á, en í síðasta lagi frá þeim degi sem ábyrgðin renni út. Sama gildi þegar sá sem veiti þjónustu hafi ábyrgst árangur af verki sínu.

Í 25. gr. sömu laga segi að þótt krafa fyrnist gagnvart einum af fleiri skuldurum hafi það ekki áhrif gagnvart öðrum skuldurum nema á annan veg hafi verið samið.

Þessi lagaákvæði sýni að ábyrgðir geti fyrnst á mismunandi tímum. Kröfur á hendur stefndu fyrnist á fjórum árum. Kröfur með vísan til sérstakrar sjálfstæðrar ábyrgðar fyrnist í síðasta lagi frá þeim degi sem ábyrgðin rennur út. Sú ábyrgð sé algerlega sjálfstæð og bindi ekki stefnda á einn eða neinn hátt, enda hvor stefndu um sig sjálfstæður lögaðili og hvor beri sínar skyldur.

Framsetning krafna stefnanda gagnvart stefndu standist því ekki með vísan til þessa.

Varakrafa stefndu um lækkun dómkrafna

Fari svo ólíklega að stefndu verði ekki sýknaðir byggja þeir á því að stefnandi hafi ekki sannað meint tjón sitt og skaðabótakröfu. Tjón stefnda geti aldrei falist í því að notað verði bætt með nýju. Með vísan til þessara sjónarmiða krefjist stefndu því lækkunar á kröfum stefnanda

Stefndu mótmæla einnig kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti.

Niðurstaða

Stefnandi höfðar þetta mál til þess að sækja bætur fyrir tjón sem hann hafi hlotið af því að gluggar og hurðir frá danska framleiðandanum Idealcombi A/S, sem hann keypti af Holtavegi 10 (þá Húsasmiðjunni hf.) árið 2008, hafi reynst gallaðar. Eins og fram er komið hætti sá lögaðili sem seldi stefnanda vörurnar rekstri um áramót 2011 og 2012. Nýr lögaðili keypti reksturinn á þeim tíma og tók einnig yfir viðskiptasamband söluaðilans við danska framleiðandann Idealcombi A/S.

Um sönnun tjóns

Til þess að færa sönnur á tjón sitt aflaði stefnandi matsgerðar dómkvadds matsmanns. Í framlagðri matsgerð kemur fram að matsmaður taldi hönnun og efnisval íhluta glugga og hurða er stefnandi keypti af Holtavegi 10 (þá Húsasmiðjunni hf.) óheppilegt og í raun ófullnægjandi miðað við góðar venjur og þær kröfur sem gera mætti til slíks búnaðar. Ástand glugga- og hurðabúnaðar bæri þess merki að ending þeirra gæti ekki talist viðunandi. Matsmaður tilgreindi að lokunarbúnaður, samsetningarvinklar o.fl. væri farið að ryðga, álfarmar farnir að losna frá trékarmi o.s.frv.

Matsmaður taldi að rekja mætti vandamál umræddrar gluggategundar til hönnunar glugganna frekar en smíði þeirra. Hann taldi að ekki væri í lagi að nota rafgalvaniserað stál í lamir og glugga- og hurðarbúnað þar sem selta væri mikil og álkápa glugga og hurða væri nokkuð opin. Matsmaður nefndi einnig að það væri vandamál við gluggana að gæði íhluta væru ekki nægilega mikil miðað við þær aðstæður sem nota ætti þá við.

Matsmaður tilgreindi einnig að hluti vandamáls við gluggana væri að álfarmar í glerumgjörð þeirra væru efnislitlir og ekki nægilega festir við timburramma glugganna. Þetta ylli því að hreyfingar sem gætu orðið á álinu gætu valdið því að álfarmar færu að gúlpast/spennast frá timburramma og losna frá.

Það var niðurstaða matsmanns að tryggja þyrfti að festingar álfamma við timburkarma glugganna væru í lagi og yfirfara þyrfti alla glugga og fjölga festingum. Í matsgerðinni kemur einnig fram að endurnýja þurfi allan lokunarbúnað glugga og hurða með heitgalvaniseruðu eða ryðfríu efni. Matsmaður taldi ekki unnt að fá slíkan búnað þannig að gera mætti við gluggana og lagði til grundvallar að allir gluggar skyldu endurnýjaðir með sambærilegum gluggum frá öðrum framleiðanda.

Samkvæmt þessu mati er á gluggunum kerfisbundinn galli, sem var á þeim við afhendingu.

Gengið var á vettvang. Þar sáust þeir annmarkar á gluggum hússins og hurðum sem er lýst í matsgerð. Stefndu mótmæla fjárhæð matsgerðarinnar og vísa jafnframt til þess að ekki megi bæta gamalt og notað með verði nýs. Ekki verður ráðið að þeir mótmæli sérstaklega ástandi glugga og hurða eins og því er lýst í matsgerð. Af matsgerðinni má ráða að umræddir gluggar og hurðir hafi frá upphafi ekki haft þá eiginleika sem áskildir voru og telst ástand þeirra vera galli í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þar eð gallinn var á gluggunum og hurðunum frá upphafi koma ekki til skoðunar þau rök stefndu að gamalt sé bætt með nýju.

Að mati dómsins, sem er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, er matsgerð dómkvadds matsmanns fullnægjandi sönnun þess að þær vörur sem Idealcombi A/S framleiddi og stefnandi keypti af Holtavegi 10 hafi frá upphafi ekki haft þá eiginleika sem voru áskildir við kaupin. Hafi stefnandi af þeim sökum beðið tjón.

Stefndu hafa ekki leitast við að hnekkja umræddu mati, svo sem með yfirmati eða öðru mati, eða á annan hátt gert líklegt að kostnaðarminni aðgerðir myndu nægja til þess

að laga gluggana þannig að þeir uppfylli áskilda kosti og bæta stefnanda þannig það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

Eins og áður greinir höfðaði stefnandi málið á hendur Húsasmiðjunni ehf. sem tók við viðskiptasambandi Holtavegar 10 ehf. við Idealcombi, Hömlum fyrirtækjum ehf. sem eignaðist félagið Holtaveg 10 ehf. sem seldi stefnanda vöruna og framleiðanda glugganna Idealcombi A/S. Síðar var fallið frá kröfum á hendur þeim síðastnefnda.

Krafa stefnanda á hendur Húsasmiðjunni ehf.

Það er fyrsta málsástæða stefnda Húsasmiðjunnar ehf. fyrir kröfu sinni um sýknu að hann geti ekki verið réttur varnaraðili að kröfu stefnanda enda hafi hann ekki selt stefnanda umþrætta glugga og hurðir.

Eins og rakið hefur verið keypti stefnandi í sérverkefnadeild Holtavegar 10 glugga og hurðir. Afdrif þess félags hafa verið rakin en 1. janúar 2012 keypti Húsasmiðjan ehf. rekstur þess og tók þá m.a. yfir viðskiptasamband Holtavegar 10 ehf. við Idealcombi A/S. Stefndi Húsasmiðjan ehf. hélt áfram að selja og þjónusta vörur frá Idealcombi A/S fram að hausti 2018, er slitnaði upp úr viðskiptasambandinu.

Áréttu verður að meðal gagna málsins er ekkert sem sýnir að stefnandi hafi nokkru sinni verið í samskiptum við Idealcombi A/S eða átt í beinu viðskiptasambandi við það félag. Gögn málsins bera einungis með sér samskipti stefnanda við starfsmenn Húsasmiðjunnar, sem voru fyrst starfsmenn Holtavegar 10 og síðar Húsasmiðjunnar ehf., eins og vitnin A og C greindu frá fyrir dómi. Á þeim eyðublöðum frá Idealcombi A/S sem hafa verið lögð fram, þ.e. pöntun, kvörtunareyðublaði og samþykki fyrir því að bæta galla á gluggunum (d. reklamation rapport), kemur nafn stefnanda ekki fram, einungis heimilisfangið þar sem gluggarnir eru. Þvert á móti er tilgreindur tengiliður annars vegar starfsmaður Holtavegar 10 og hins vegar Húsasmiðjunnar ehf.

Þegar Holtavegur 10 pantaði, í júlí 2008, glugga og hurðir frá Idealcombi A/S sem áttu að fara í hús stefnanda var Húsasmiðjan tilgreind sem kaupandi á pöntunareyðublaðinu. Þar með stofnaðist samningssamband milli Holtavegar 10 (þá Húsasmiðjunnar hf.) og danska framleiðandans, sbr. einnig dóm Landsréttar í máli nr. 678/2022.

Að sama skapi stofnaðist samningssamband milli stefnanda og Holtavegar 10 hf. þegar starfsmenn Húsasmiðjunnar pöntuðu fyrir stefnanda glugga í þeim stærðum sem hentuðu í húsið sem hann hafði í smíðum. Það samningssamband fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Þau lög fjalla um ábyrgð seljanda á þeirri vöru sem hann selur neytanda, þ.e. svonefnda söluábyrgð. Þótt stefnandi væri samkvæmt þessu ekki í samningssambandi við framleiðanda glugganna, Idealcombi A/S, gat hann átt sprangkröfu á hendur honum samkvæmt ákvæði 35. gr. laga nr. 48/2003, en kröfum er ekki beint gegn því fyrirtæki í þessu máli svo sem að framan greinir.

Þegar stefnandi varð gallanna var árið 2009 átti hann í upphafi í samskiptum við

starfsmenn Holtavegar 10 og næstkomandi rúm þrjú ár. Þegar nýtt félag, Húsasmiðjan ehf., keypti um áramót 2011 og 2012 reksturinn út úr félaginu Holtavegur 10 fylgdi viðskiptasambandið við Idealcombi A/S með í kaupunum. Nýi rekstraraðilinn hélt áfram að kaupa vörur frá framleiðandanum og þjónusta kaupendur varanna hér á landi.

Dómurinn fellst á það með stefnda Hömlum fyrirtækjum að þegar reksturinn hafði verið seldur út úr Holtavegi 10 og fyrrum starfsmenn þess félags voru farnir að starfa fyrir Húsasmiðjuna ehf. hafi þeir í störfum sínum ekki skuldbundið Holtaveg 10. Það félag var ekki lengur vinnuveitandi þeirra og hafði framselt Húsasmiðjunni ehf. viðskiptasamband sitt við Idealcombi. Þeir hafi í störfum sínum einungis getað skuldbundið nýja vinnuveitandann, Húsasmiðjuna ehf.

Hins vegar sýndu starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. í verki að þeir töldu nýja rekstraraðilann hafa axlað söluábyrgð gagnvart stefnanda vegna vara sem Idealcombi A/S framleiddi og stefnandi hafði keypt af Holtavegi 10. Það var skilningur þeirra að gagnvart viðskiptavinum Húsasmiðjunnar yrði ekki nein breyting á þeirri þjónustu sem þeir veittu, svo sem nánar verður rakið.

Fram kom í vitnisburði A, sem var rekstrarstjóri verslunar Húsasmiðjunnar á Akranesi, og C, starfsmanns í sérverkefnadeild, að gagnvart viðskiptavinum Húsasmiðjunnar hefðu ekki orðið neinar breytingar þegar skipt var um rekstraraðila 1. janúar 2012. Meðal annars hefðu allir sömu starfsmenn haldið áfram að bregðast við kvörtunum. Viðskiptavinum hefði ekki heldur verið gerð grein fyrir því að nýr aðili með nýja kennitölu hefði tekið yfir reksturinn.

Þá var staðfest með framburði vitnisins A að starfsmenn sérverkefnadeildar komu í nokkur skipti upp á Akranes að skoða glugga og hurðir hjá stefnanda til þess að kanna yfir hverju nákvæmlega hann væri að kvarta og til þess að meta hvernig væri unnt að bregðast við því. Starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. leituðu lausna og sendu verktaka á staðinn. Engu að síður var vandinn óleystur í apríl 2015 þegar vitnið hætti störfum fyrir Húsasmiðjuna. Þá voru liðin rúm þrjú ár frá því að Húsasmiðjan ehf. hafði keypt rekstur Holtavegar 10 ehf. og með honum viðskiptasambandið við Idealcombi A/S.

Frá því í maí 2015 eru samskipti stefnanda við starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. skráð í tölvuskeytum. Þótt seinangangur hafi verið mikill sýna þessi samskipti að starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. viðurkenndu að gallar væru á gluggum í húsi stefnanda og reyndu að ráða bót á þeim göllum. Í því skyni útveguðu þeir tvo nýja glugga frá framleiðandanum og skiptu einnig um læsingajárn á öðrum gluggum. Þegar kom í ljós að fleiri gluggarammar voru farnir að svigna lýstu starfsmenn Húsasmiðjunnar því yfir 27. september 2019 að kvörtunum stefnanda yrði ekki sinnt frekar því tíu ára framleiðsluábyrgð væri fallin niður.

Vitnið C bar um að hann hefði sjálfur farið upp á Akranes til þess að skoða glugga

stefnda og hefði tekið ljósmyndir sem sýndu betur svignunina í gluggarammanum (pró-fílnum) til þess að senda framleiðandanum. C bar einnig um að það hefði verið hlutverk Húsasmiðjunnar sem söluaðila að sækja í framleiðsluábyrgð Idealcombi fyrir viðskiptavinum Húsasmiðjunnar. Á kvörtunareyðublaðinu sem vitnið fyllti út var Húsasmiðjan tilgreind sem sá sem kvartaði og hún einnig tilgreind sem viðskiptavinur (d. kunde) í svari Idealcombi og samþykki fyrir því að smíða nýja glugga (d. reklamation rapport).

Dómurinn telur engan vafa leika á því að starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. hafi talið glugga í húsi stefnanda gallaða og að það væri skylda Húsasmiðjunnar ehf. að bæta úr þeim galla, m.a. með því að sækja í framleiðsluábyrgðina á meðan hún gildi.

Með vísan til framgöngu starfsmanna Húsasmiðjunnar ehf. gagnvart stefnanda telur dómurinn að leggja verði til grundvallar að stefndi Húsasmiðjan ehf. hafi í verki fallist á að hún bæri söluábyrgð á þeim vörum sem stefnandi keypti af Holtavegi 10 ehf. og þar með ábyrgð á þeim göllum sem kynnu að reynast á þeirri vöru. Með heimild í lögum nr. 48/2003 um neytendakaup hafi stefnanda því verið rétt að beina kröfu sinni að þessum stefnda.

Fyrir kröfu sinni um sýknu vísar stefndi Húsasmiðjan ehf. næst til þess að hafi krafa stofnast á hendur honum sé hún fallin niður fyrir fyrningu. Stefnandi byggir á því að hann hafi verið í góðri trú um að honum yrðu afhentir ógallaðir hlutir eða það sem gallað væri yrði lagfært allt þar til starfsmaður stefnda Húsasmiðjunnar ehf. tilkynnti honum í tölvuskeyti 27. september 2019 að fyrirtækið myndi ekki aðhafast neitt frekar vegna galla á gluggunum með þeim rökum að framleiðsluábyrgð Idealcombi A/S væri runnin út. Fallast má á það með stefnanda að þá hafi fjögurra ára fyrningarfrestur kröfu hans á hendur Húsasmiðjunni hafist, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga nr. 150/2007, því þá fyrst varð honum ljóst að tjón hans yrði ekki bætt af hálfu Húsasmiðjunnar ehf. sem hafði fram að þeim tíma leitast við að bæta tjón hans með ýmsum ráðstöfunum, svo sem að framan greinir.

Tveimur og hálfu ári síðar, 6. maí 2022, birti stefnandi stefnu á hendur m.a. Húsasmiðjunni ehf., þar sem krafist var bóta fyrir umþrætta glugga og hurðir, sem átti að þingfesta 12. s.m., en hún var ekki þingfest. Telja verður að svo fyrningu sé slitið með mál-sókn, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, verði að þingfesta stefnu, sbr. einnig 2. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í greinargerð stefnda Húsasmiðjunnar ehf. segir á hinn bóginn að stefnandi hafi ekki rofið fyrningarfrest fyrir en með birtingu stefnu 6. maí 2022. Skilja verður málalíbúnað stefnda Húsasmiðjunnar ehf. svo að hann fallist á að fyrningarfrestur kröfu stefnanda hafi rofnað 6. maí 2022, og fram að fyrirhuguðum þingfestingardeggi 12. s.m., stefnanda til hagsbóta, þrátt fyrir framangreindar reglur laga. Rétt er að miða við 12. maí 2022 sem endamark fyrningarrofsins, í ljósi málalíbúnaðar stefnda Húsasmiðjunnar ehf. og atvika málsins,

þar sem þá var sannanlega ljóst að umrætt mál yrði ekki rekið fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins mótmælti stefnandi þeirri málsástæðu stefnda Húsasmiðjunnar ehf. að rofi fyrningar með stefnunni 6. maí 2022 hefði ekki verið viðhaldið með nýrri málsókn innan sex mánaða, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 150/2017, sem of seint fram kominni. Ekki verður fallist á með stefnanda að um nýja málsástæðu sé að ræða þar eð stefndi Húsasmiðjan ehf. hefur frá upphafi byggt á þeirri málsástæðu að krafa stefnanda sé fyrnd. Skoðast framangreint og í ljósi þess að í greinargerð stefnda Húsasmiðjunnar ehf. segir að hann hafi ekki viðurkennt kröfur stefnanda og jafnframt að fyrningu sé ekki slitið nema með málsókn, svo sem leiðir einnig af fyrirnefndum ákvæðum laga. Samkvæmt framansögðu verður umrædd yfirlýsing stefnda Húsasmiðjunnar ehf. í greinargerð, stefnanda til hagsbóta, ekki skýrð svo að stefndi hafi fallist á að stefnubirting 6. maí 2022 hafi rofið fyrningarfrest fram að þingfestingu þessa máls, leitt af sér nýjan fyrningarfrest eða með öðrum hætti ráðstafað sakarefninu umfram það að fallast á fyrningarrof kröfunnar dagana 6. til 12. maí 2022.

Stefnandi sendi stefnda Húsasmiðjunni ehf. 6. september 2023 matsgerð dómkvadds matsmanns og krafðist skaðabóta á grundvelli hennar. Þegar stefndi viðurkenndi ekki kröfu stefnanda höfðaði stefnandi þetta mál með stefnu birtri 13. október 2023. Þá voru liðin rúm fjögur ár frá upphafi fyrningarfrests kröfu stefnanda, 27. september 2019, þótt tekið sé mið af fyrningarrofi dagana 6. til 12. maí 2022. Krafa stefnanda var því fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 24. gr. laga nr. 150/2007, þegar hann höfðaði málið á hendur stefnda Húsasmiðjunni ehf., og er af þeim sökum óhjákvæmilegt að sýkna stefnda Húsasmiðjuna ehf. af kröfu stefnanda.

Krafa stefnanda á hendur Hömlum

Kröfu sína á hendur Hömlum fyrirtækjum ehf. styður stefnandi þeim rökum að með því að upphaflegur seljandi hinnar gölluðu vöru, Holtavegur 10 ehf., hafi sameinast því félagi hafi það tekið við réttindum og skyldum seljandans, þar með talið aðild að kröfu stefnanda.

Stefndi Hömlur fyrirtæki byggir á því að sú krafa sem kynni að hafa stofnast á hendur honum sé fallin niður fyrir fyrningu og tómlæti.

Eftir að Húsasmiðjan ehf. hafði keypt rekstur Holtavegar 10 var stefnandi eingöngu í samskiptum við starfsmenn Húsasmiðjunnar ehf. Eins og áður greinir gátu þeir ekki með störfum sínum bundið hendur Holtavegar 10 frá áramótum 2011 og 2012. Því verður að líta svo á að stefnandi hafi ekki beint neinum kröfum að því fyrirtæki frá þeim tíma og þar til stefna var birt 6. maí 2022. Þá þegar voru liðin meira en 10 ár frá síðustu samskiptum stefnanda við félagið Holtaveg 10. Fyrningarfresturinn, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007, var því löngu liðinn þegar stefnandi fyrst reyndi að rjúfa hann og jafnframt sannanlega liðinn er mál þetta var höfðað. Af þeim sökum verður stefndi Hömlur fyrirtæki

ehf. einnig sýknaður af kröfu stefnanda, sbr. 24. gr. laga nr. 150/2007.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hver málsaðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, héraðsdómari og dómsformaður, Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari, og Auðunn Elíson, byggingafræðingur kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Húsasmiðjan ehf. og Hömlur fyrirtæki ehf., eru sýkn af kröfu stefnanda, Erlings Hjálmarssonar.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Ingiríður Lúðvíksdóttir
Sindri M. Stephensen
Auðunn Elíson